

- 28
18. apríl Reglugerð þessi; sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

- 29
28. apríl

AUGLÝSING

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.

Ríkisstjórnin hefir ákveðið að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 34, 1. febrúar 1936, um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl., til þess að taka í sínar hendur frá 1. maí næstkomandi að telja innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, svo sem rófum, næpum, hverskonar kálmeti og öðru nýju grænmeti.

Sambandi islenzkra samvinnufélaga hefir verið falinn rekstur Grænmetisverzlunar ríkisins frá sama tíma, og ber öllum þeim, sem óska að fá framangreindar vörur frá útlöndum, að snúa sér til sambandsins í því efni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

- 30
30. apríl

REGLUGERÐ

um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.

I. KAFLI

Um almenna starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins (á ensku State Tourist and Informations Bureau of Iceland — stýtt nafn: Statourist). Skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innan lands

og utan með fræðslurítum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, að því undanskildu, er umboðsmenn sérstakra erlendra ferðaskrifstofa fá til þess sérstakt leyfi ráðherra samkvæmt 10. gr.

30

30. apríl

2. gr.

Ferðaskrifstofan kostar kapps um að styðja að því, að komið verði á gagnkvæmum erindum og upplýsingum milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpstöðva, og á sú starfsemi að miða að því að auka þekkinguna á landinu sem víðast. Er Ríkisútvarpinu og Ferðaskrifstofunni skylt að hafa um þau efni sem nánasta samvinnu.

3. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum og útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeiði.

Í þessu skyni gefur Ferðaskrifstofan út bæklinga og önnur upplýsingarít á ýmsum málum, eftir því sem við verður komið, og leitast við að koma þeim sem víðast fyrir almenningsjónir.

Nú semst svo um með Ferðaskrifstofu ríkisins og eigendum fyrirtækja, sem annast fyrirgreiðslu ferðamanna, svo sem gistihúsa, bifreiðafélaga, skipafélaga o. s. frv., að ákveðnar upplýsingar séu birtar í bæklingum þeim og ritum, sem skrifstofan gefur út, um starfsemi þeirra, og skal þá greitt fyrir það samkvæmt gjaldskrá, er Ferðaskrifstofan semur.

4. gr.

Forstöðu skrifstofunnar hefir á hendi forstjóri, sem skipaður er af ráðherra, og hefir hann umsjón með starfi skrifstofunnar í heild sinni samkvæmt lögum nr. 33, 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og reglugerð þessari. Við hlið forstjórans er upplýsingastjóri, sem skipaður er af ráðherra, og hefir hann sérstaklega með höndum fræðslu um landið samkvæmt fyrir mælum 1. gr., jafnframt því sem hann vinnur að öðrum málum skrifstofunnar í samráði við forstjóran.

Forstjóri og upplýsingastjóri semja árlega fjárhagsáætlun um starfsemi skrifstofunnar, og skal hún jafnan send ráðherra til athugunar og staðfestingar eigi síðar en fyrir áramót ár hvert.

Forstjóri ræður starfsfólk skrifstofunnar eftir því sem þörf krefur, en jafnan skal honum skylt að bera launakjör þess undir ráðherra.

II. KAFLI

Um gjaldskrá og eftirlit með gistihúsum, veitingahúsum o. fl.

6. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af gistihúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist Ferðaskrifstofunni einhver liður á gjaldskrá gistihúss, veitingahúss eða fólksflutningsbifreiða utan áætlunarferða ósanngjarn, og hefir þá skrifstofan heimild til þess að breyta honum. Þó skal henni jafnan skylt að bera slíkt mál undir nefnd, sem skipuð kann að vera samkvæmt fyrir mælum 7. gr.

7. gr.

Nú notfæra eigendur gistihúsa, veitingahúsa og leigubifreiða til fólksflutninga sér rétt sinn til nefndarskipunar samkv. 4. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins, og skal þá nefndin skipuð tveim mönnum tilnefndum af eigendum gistihúsa og veitingahúsa, tveim mönnum tilnefndum af eigendum leigubifreiða til fólksflutninga, en atvinnumálaráðherra tilnefnir fimmta manninn, sem er formaður nefndarinnar. Fulltrúi atvinnumálaráðherra í nefndinni kallar hana saman til funda og tekur þátt í öllum störfum hennar og annast bókun fundargerða, afgreiðslu fundarályktana til Ferðaskrifstofunnar o. s. frv.

Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um kosningu fulltrúa eigenda gistihúsa, veitingahúsa og leigubifreiða til mannflutninga í nefndina.

Nú vill Ferðaskrifstofan breyta einhverjum lið gjaldskrár veitingahúsa eða gistihúsa, og er henni þá skylt að bera tillögur sínar undir fulltrúa gistihúsa- og veitingahúsa-eigenda í nefndinni, en undir fulltrúa leigubifreiðaeigenda, ef um er að ræða breytingar á gjaldskrá bifreiða.

8. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, þrúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

9. gr.

Eigendum gistihúsa, er Ferðaskrifstofan sendir eyðublöð þar að lútandi, er skylt að gefa Ferðaskrifstofunni mánaðarlega skýrslu um gesti, nöfn þeirra, þjóðerni og dvalartíma.

30

30. apríl

III. KAFLI

Um erlendar ferðaskrifstofur og umboðsmenn þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur veitt erlendum ferðaskrifstofum, er áður hafa haft sérstaka umboðsmenn hér á landi, leyfi til þess að hafa hér umboðsmenn, er hafa með höndum fyrirgreiðslu ferðamanna fyrir þeirra hönd, með þeim takmörkunum, er hér greinir:

1. Umboðsmenn skulu hafa óflekkað mannorð og búnir þeirri þekkingu og persónulegum eiginleikum, er ráðherra telur nægja til þess, að starf þetta verði rekið sómasamlega. Skal jafnan leitað álits Ferðaskrifstofunnar um þetta atriði.
2. Umboðsmenn skulu skyldir að hafa sérstaka opna bækistöð í þeim húsakynnum, er Ferðaskrifstofan telur nægja, þegar um er að ræða móttöku fleiri ferðamanna en 100 í senn. Ferðaskrifstofunni er heimilt að mæla fyrir um, að móttökur ferðamanna skuli fara fram í húsakynnum, er hún leggur sjálf til, enda sé umboðsmönnum þá eigi skylt að greiða þóknun fyrir afnot húsakynna.
3. Umboðsmenn skulu hafa þá leiðsögumenn og túlka eina, er Ferðaskrifstofan hefir lagt samþykki sitt á að notaðir séu.
4. Umboðsmenn skulu jafnan senda mánaðarlegar skýrslur til Ferðaskrifstofunnar um þá ferðamenn, er þeir hafa veitt móttöku, samkvæmt þeim eyðublöðum, er Ferðaskrifstofan lætur þeim í té.
5. Umboðsmenn skulu tilkynna Ferðaskrifstofunni um þá samninga, er þeir kunna að gera við bifreiðaeigendur um flutning á ferðamönnum, og hefir Ferðaskrifstofan vald til þess að rifta þeim samningum, með samþykki ráðherra, og fyrirskipa, að leitað sé samninga við aðra ákveðna aðilja, ef henni virðist akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutnings-bifreiðastöðva.
6. Umboðsmönnum er ekki heimilt að annast móttöku annara ferðamanna en þeirra, sem hin erlenda skrifstofa, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, sendir sérstaklega til þeirra.
7. Leyfi fyrir erlendar ferðaskrifstofur til þess að hafa umboðsmann samkvæmt þessari grein veitist aldrei lengur en til fimm ára í senn.
8. Nú hefir umboðsmaður fyrir erlenda ferðaskrifstofu brotið reglur þessar í verulegum atriðum eða reynzt, að dómi Ferðaskrifstofunnar, ekki fær um að vinna verk sitt, og hefir þá ráðherra heimild til þess að krefjast þess, að skipt sé um umboðsmann, eða svipta leyfinu ella.

30

30. apríl

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33, 1. febr. 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

31

5. maí

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 4. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Áshrepps verði fluttur frá Hofi í Vatnsdal í samkomuhúsið í Ásbrekku, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

32

6. maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra ad mandatum 6. maí 1936.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um nemanda héraðsskólans á Reykjum í Hrutafirði vetur 1934—1935, Högna Þorsteinsson frá Bessastöðum í Ytri-